



Fréttabréf Foreldrafélags Sunnulækjarskóla desember 2021

Stjórn foreldrafélags Sunnulækjarskóla skólaárið 2021-2022

Jódís Ásta Gísladóttir, formaður
Halla Marinósdóttir, gjaldkeri
Heiðrún Erna Hlökkversdóttir, ritari
Birna Eik Benediktsdóttir og Lillý Ásrún Birkisdóttir sem meðstjórnendur.

Við bendum foreldrum
á síðu
foreldrafélagsins á
facebook undir
nafninu „Foreldrafélag
Sunnulækjarskóla“

Starf foreldrafélagsins fer vel af stað þetta skólaárið. Líkt og síðasta vetur mun starfið þó vera litað af stöðu samfélagsins vegna covid19. Því munu einhverjir fræðslu og skemmti viðburðir fara fram rafrænt. Munu þeir allir verða auglýstir á facebook síðu félagsins.

Þann 27. október fengu börnin í 1. bekk afhent endurskinsvesti frá Foreldrafélagi Sunnulækjarskóla. Lögreglan mætti einnig á staðinn og ræddi við þennan flotta hóp um öryggi í umferðinni.



Gíróseðlar með
félagsgjöldum ættu
að vera búnir að
berast hverju heimili.
Gjöldin eru 2000 kr
óháð fjölda barna á
heimili.

STIKLAÐ Á STÓRU

Vegna aðstæðna í samfélaginu skólaárið 2020-2021 var foreldrafélagið duglegt að nýta sér tæknina og stóð fyrir viðburðum rafrænt. Þeir voru allir vel sóttir og vöktu mikla lukku á meðal barna og foreldra.

Starf og styrkir foreldrafélagsins skólaárið 2020-2021:

- ✓ 1. bekkur fékk afhent endurskinsvesti
- ✓ 6 fyrirlestrar í gegnum Teams fyrir foreldra í samvinnu við Samborg
- ✓ Rafræn Kahoot spurningakeppni fyrir miðstig (5.-7. bekkur) og elsta stig (8.-10. bekkur)
 - ✓ Rafrænt Huppubingó fyrir yngsta stig (1.-4. bekkur)
 - ✓ Bíódagar – styrkur fyrir verkefni hjá elsta stigi (8.-10. Bekkur)
 - ✓ Ferðastyrkur fyrir útskriftarferð hjá 10. bekk
 - ✓ Styrkur til Sunnulækjarskóla fyrir kaup á þrívíddarprentara